

Erasmus+ dagar

Þann 11. október síðastliðinn stóð Rannís fyrir ráðstefnu í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem yfirskriftin var jöfn tækifæri í Erasmus+, en í Erasmus+ er hægt að sækja um styrki til að vinna að alls kyns verkefnum. Öll skólastig geta sótt um styrki til Erasmus+. Að auki styrkir Erasmus+ starfsmenntun og fullorðinsfræðslu annars vegar og æskulýðsmál hins vegar. Að lokinni setningu var ráðstefnugestum skipt í vinnustofur þar sem reynsla af verkefnum var miðlað og rætt um ávinning af því að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

FAS var boðið að senda þátttakendur á ráðstefnuna en skólinn hefur á undanförunum árum tekið þátt í fjölmörgum verkefnum sem hafa verið styrkt frá Erasmus+. Fulltrúar af FAS tóku þátt í tveimur málstofum. Annars vegar í málstofu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem sérstök áhersla var lögð á skóla á landsbyggðinni sem eru langt í burtu frá alþjóðaflugvelli. Þar var bæði fjallað þau vandamál sem verkefnastjórar úti á landi standa frammi fyrir og eins hve mikla þýðingu það getur



Frá Erasmus+ ráðstefnunni 11. október

haft fyrir skóla á þessum stöðum að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hins vegar tók FAS þátt í málstofu um starfsmenntun þar sem áherslan var á starfsþjálfun nemenda í starfs- og iðngreinum hjá fyrirtækjum og skólum í viðtökulöndunum. Sérstaklega var fjallað um leiðir til að hvetja og styrkja nemendur sem tilheyra minnihlutahópum s.s. innflytjendur, og nemendur með


námsörðugleika eða fatlanir. ADVENT verkefnið sem er í gangi núna í FAS er einmitt gott dæmi um samstarfsverkefni á sviði starfsmenntunar.

Það er frábært að hafa aðgang Erasmus+ styrkjunum. Það að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum skapar ný tækifæri til að auðga skólastarfið og vikkar um leið sjóndeildarhring og reynsluheim allra þátttakenda.

Órói

Órói er hornfirskur dúett skipaður þeim Sædisi Hörpu Stefánsdóttur og Elvari Braga Kristjónssyni. Þau gáfu sína fyrstu plötu nú á dögnum, en platan er fjögurra laga sem er hægt að finna á allra helstu streymisveitum, eins og til dæmis Spotify.

Alveg frá því að Sædis var barn eyddi hún tímunum saman að semja ljóð í Miðtúninu með -ömmu sinni Rúnu. Það hafði alltaf verið draumur Sædisar að deila sköpunargleðinni með öðrum, og gefa ljóðunum stærri meiningu, en aldrei haft kjarkinn til að opinbera þau.



Elvar Bragi og Sædis Harpa

Ljóðin sín sá hún svo fyrir sér í tónlist svo hún leitaði til Elvars Braga, sem er öllum Hornfirðingum kunnur. Með því hófst samstarf þeirra tveggja og dúettinn Órói varð til.

Af hverju Órói?

“Órói hefur mjög fjölbætta merkingu, allt frá því að vera dingull í klukku, Skrauthlutur úr nokkrum einingum sem hanga á bandi og hreyfast yfir í að lýsa óróleika, ókyrrð og óstöðuleika.

Allar þessar merkingar tengjum við að einhverju leyti við listina okkar. “

Um hvað fjallar platan og hver var innblásturinn?

“Órói gaf út sína allra fyrstu plötu nú á dögnum, en platan er fjögurra laga smáskífa stútfull af veðráttu, ást og efasemdum. Það mætti segja að á Íslandi sé haust 9 mánuði af árinu, fannst okkur því tilvalið að semja plötu um þá eilífðar árstíð.” Þess má geta að systir Sædisar, Hrefna Rún Kristinsdóttir á stóran þátt í



textasmíðinni og lýsir haustinu af mikilli list.

Hvað er á döfinni?

“Við stefnum á að fylgja þessari plötu eftir, spila á tónleikum og semja meiri tónlist. Það blundar í okkur að koma heim á Höfn að spila, en tíminn verður að leiða það í ljós hvenær nákvæmlega.”



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 13. október

Bleik messa kl. 14:00

Guðrún Dadda Ásmundardóttir flytur hugvekju.

Allir hvattir til að mæta í bleiku.

Kaffi og kökur að lokinni messu þar sem tekið verður á móti frjálsum framlögum sem renna til Krabbameinsfélagsins.

Allir hjartanlega velkomnir.

Fermingarbörn ganga í hús

Fermingarbörn Bjarnanesprestskalls munu ganga í hús á Höfn mánudaginn 28. október og safna fé til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku.

Börnin hafa fengið fræðslu um fátækt og þann skort sem jafnaldrar þeirra í fátækum löndum Afríku eiga við að etja og um árangur af verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar

Fermingarbörnin munu ganga í hús milli 17:30 og 20:00 mánudaginn 28. október. Takið vel á móti þeim

Sóknarprestur

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

PÓLLANDSFERÐ

Sunnudaginn 20. okt.

Kynningarfundur vegna Póllandsferðar í september 2020 verður haldinn í Gömlubúð **28. október kl. 20.00.**

Jón Áki kemur með ferðaáætlun og verð.

Koma svo, allir velkomnir.

Ferðanefndin



Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokuð frá
29. október til 13. nóvember

Kveðja Baldvin



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Rjómavöfluball

Sunnudaginn 27. október, kveðjum sumarið með rjómavöfluballi og Ekrubandinu kl. 16:00. Allir 60+ velkomnir kostar 500 kr. Inn. Ekki posi.

Þriggja kvölda félagsvist hefst **Fimmtudaginn 31. október kl. 20:00.**



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Tillaga að deiliskipulagi hitaveita í Hornafirði

Bæjarsjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi hitaveita í Hornafirði samkvæmt 3. mgr. 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Megin markmið deiliskipulagsins er að setja ramma um fyrirhugaða starfsemi tengda hitaveitu og frekari stefnumörkun um uppbyggingu á iðnaðarsvæði í landi Hoffells/Miðfells í Sveitarfélaginu Hornafirði ásamt iðnaðarsvæði í landi Stapa.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum **24. október nk. til mánudagsins 9. desember 2019.**

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins undir <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/>.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til mánudagsins **9. desember 2019.** Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126



Sími: 588-4477 • www.valholl.is
Hornafjörður - Reykjavík - Snæfellsnes
Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali
Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason

lögg. fasteignasali

Sími: 478-2000

GSM: 895-2115

snorri@valholl.is



OPÍÐ HÚS 26.OKT.
kl.16:00-16:45

MÍÐTÚN 24, HÖFN

Mikið endurnýjað

133,7m² timbur einbýlis-
hús ásamt ca 40 m²
bílskúrplötu.

Nýtt eldhús, nýir gluggar,
úthúróir, einangrað og
klætt



OPÍÐ HÚS 26.OKT.
kl.17:00-17:45

MÁNABRAUT 2, HÖFN

Gott fullbúið 169 m²
einbýlishús ásamt
33,6m² bílskúr, samtals
202,6m². Góðar stofur, 4
svefnherbergi, nýtt bað-
herbergi, 2 verandir og
yfirbyggðar svalir.



BREYTT VERÐ

"GAMLA SUNDLAUGIN"
Einstakt tækifæri til að
eignast þessa sérstöku
fasteign.

Húsið er skráð safn og
er 322,4 m² sem skiptist
í 105,1 m² hæð, 3,7 m²
stigahús og 213,6 m²
kjallara. Sundlaugarkarió er
75 m². eða 12,5 m á lengd
og 6m á breidd.

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir árið 2019. Úthlutað verður kr. 1.500.000 í styrki þetta árið.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til **11. nóvember næstkomandi** og skulu umsóknir vera sendar á netföngin eyjolfur@fraedslunet.is eða sigurdur@hfsu.is.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.



Bjarg - Hagatún 1 er til sölu!

Fallegt og mikið endurnýjað hús með þremur íbúðum og óborganlegu útsýni.

**Opið hús verður mánudaginn
28. október kl. 17-17:30**



Nánari upplýsingar hjá fasteignasölunum:

Jóna Benný Kristjánsdóttir, **Trausti fasteignasala**,
jona@trausti.is, s. 869-8650.

Guðbjörg Anna Bergsdóttir, **Heimili fasteignasala**,
guðbjorg.anna@heimili.is, s. 866-8312.

Snorri Snorrason, **Valhöll fasteignasala**,
snorri@valhall.is, 895-2115.

Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Matráður við Grunnskóla Hornafjarðar

Auglýst er eftir umsóknum í starf matráðs við Grunnskóla Hornafjarðar sem getur hafið störf 6. janúar 2020.

Starf matráðs er 85-100% starf og felst í að taka á móti mat í móttökueldhúsi skólans og afgreiða hann til nemenda, uppvaski og þrifum á matsal og nágrenni hans ásamt minni háttar matseld og innkaupum. Umsækjendur verða að eiga auðvelt með samskipti við börn og unglina, vera lausnamiðaðir og jákvæðir. Vinnutími er að jafnaði frá 8:00-16:00.

Umsóknarfrestur er til 14. nóvember.

Umsóknum skal skilað skriflega til skólustjóra á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er á heimasíðu skólans. <http://gs.hornafjordur.is/skolinn/starfsmenn/laus-storf/>

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskrar sveitarfélaga við AFL Starfsgreinafélag.

Frekari upplýsingar gefur skólustjóri í síma 899-5609 og á netfanginu thorgunnur@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Umsóknir - Styrkir

Ungmennasambandið Úlfjótur auglýsir eftir umsóknum í styrktar- og afrekssjóð USÚ.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi **föstudaginn 22. nóvember.**

Upplýsingar um hvað á að koma fram í umsókninni og allar nánari upplýsingar eru á www.usu.is.



Guðni Arinbjarnarson bæklunarlæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana **6. og 7. nóvember næstkomandi.**

Tímamantanir í síma 470-8600 virka daga.

Tekið er við kortum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



FRAMTÍÐARSTARF Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

Eimskip leitar að öflugum og ábyrgum einstaklingi til framtíðarstarfa við vöruhúsaþjónustu hjá Eimskip Flytjanda á Höfn Hornafirði. Um fullt starf er að ræða og er vinnutími frá kl. 08:00 – 16:00 alla virka daga. Æskilegt er að viðkomandi sé reiðubúinn að vinna yfirvinnu þegar þörf er á. Helstu verkefni eru lestun/losun bíla, vöruafgreiðsla og akstur til viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Ökuréttindi (B) skilyrði, lyftarararéttindi (J) og meirapróf (C) er kostur
- Framtakssemi, stundvísi og almenn breysti
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigfús Már Þorsteinsson, afgreiðslustjóri á Höfn í Hornafirði í síma 825 - 7527. Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is. Umsóknarfrestur er til og með **31. október 2019**.

Heint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



Umhverfis- og skipulagsstjóri

Starf umhverfis- og skipulagsstjóra hjá sveitarfélaginu Hornafirði er nú laust til umsóknar. Um er að ræða krefjandi starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun leiða og veita faglega forystu umhverfis- og skipulagsmálum sveitarfélagsins. Viðkomandi hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi sviðsins og undirbýr og fylgir eftir þeim málum er varða umhverfis- og skipulagsnefnd sem starfsmaður nefndarinnar.

Umsóknarfrestur
26. október

Helstu verkefni:

- Áætlunargerð og stefnumótun
- Daglegur rekstur umhverfis- og skipulagssviðs
- Umsjón og eftirlit með skipulagsgerð og framkvæmdum
- Yfirumsjón með vatns-, fráveitu- og soppmálum
- Yfirumsjón með umhverfismálum sveitarfélagsins
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/14788

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að uppfylla kröfur eins og þeim er lýst í 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af áætlanagerð s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum bygginga- og skipulagsmálum er æskileg
- Æskilegt er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 25. gr. mannvirkjalaga
- Leiðtogaþæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni



Á Hornafirði búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Starfsmannafjöldi er 260 og einkunnarorð sveitarfélagsins eru samvinna – metnaður – heiðarleiki. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útvistar fjölbreytt.